

Tillaga 1:

„Stjórn félagsins skal skipuð sex mönnum og sex varamönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Á aðalfundi skal jafnframt kjósa formann og varaformann stjórnar úr hópi kjörinna aðalstjórnarmanna. Stjórn félagsins skal halda fundargerðarbók þar sem skráðar eru allar ákvarðanir stjórnar og annað það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Stjórnarfundir eru ákvörðunarbærir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Undirskriftir fjögurra stjórnarmanna bindur félagið.“

Tillaga 2:

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og fimm varamönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Á aðalfundi skal jafnframt kjósa formann og varaformann stjórnar úr hópi kjörinna aðalstjórnarmanna. Stjórn félagsins skal halda fundargerðarbók þar sem skráðar eru allar ákvarðanir stjórnar og annað það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Stjórnarfundir eru ákvörðunarbærir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Undirskriftir fjögurra stjórnarmanna bindur félagið.“

Af þessu leiddi að rétt væri að breyta grein 3.2 til samræmis þannig (breytingin undirstrikuð):

„Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágústmánaðar ár hvert og skulu tekin fyrir á honum þessi mál:

- 1) Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- 2) Ársreikningur ásamt athugasemdum endurskoðenda/skoðunarmanna skal lagður fram til samþykktar.
- 3) Kjósa skal stjórn félagsins og endurskoðanda eða skoðunarmenn.
- 4) Kjósa skal formann og varaformann stjórnar félagsins úr hópi kjörinna aðalstjórnarmanna.
- 5) Tekin skal ákvörðun um hvernig skal far með hagnað eða tap og framlög í varasjóð. Hagnaði skal einungis varið í samræmi við tilgang og markmið félagsins, sbr. gr. 1.3. og 1.4.
- 6) Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
- 7) Önnur mál löglega borin upp.“